

Fundargerð 252. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	„Teams“ fjarfundur/Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 10. ágúst 2021
Fundartími:	13:00 – 14:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð.. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að afgreiða undir lið nr. 1 framlengingu á heimild sveitarstjórnar til fjarfunda. Aðrir liðir færast aftar sem því nemur.

Dagskrá:

1. Starfhæfi sveitarstjórnar

Tilkynning barst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 30. júlí 2021, um framlengingu á heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, á grundvelli VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að nýta heimild auglýsingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 27. júlí s.l. hvað varðar notkun fjarfundarbúnaðar vegna Covid-19. Sveitarstjórn heimilar þannig að sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins noti fjarfundarbúnað á fundum og að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda með fjarfundabúnaði. Jafnframt verði heimilt að staðfesta fundargerðir með tölvupósti þegar um fjarfundi er að ræða. Heimild þessi gildir til 1. október n.k. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins hvað varðar heimild til að nýta fjarfundarbúnað á grundvelli breytingar á sveitarstjórnarlögum sem samþykkt var hinn 13. júní 2021.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 221, dags. 14.07.2021

a) Hjálmholt L216498; Hraunhagi; Breytt heiti lóðar – 2106148

Lögð er fram umsókn frá Sigrúnu Guðjónsdóttur um breytingu á staðfangi landeignarinnar Hjálmholt 216498. Óskað er eftir því að landið fái staðfangið Hraunhagi.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við staðfangið Hraunhagi og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytinguna.

Lögð er fram umsókn um að staðfangi landeignarinnar Hjálmholt 216498 verði breytt í Hraunhagi. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirhuggjandi beiðni og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag – 2106162

Lögð er fram umsókn frá Margréti Ormsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að framlagt deiliskipulag taki jafnframt til heimilda er varðar gististarfsemi innan jarðarinnar og breyttrar aðkomu að fyrirhuguðu tjaldsvæði. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins sé frestað og skipulagsfulltrúa falið að óska eftir uppfærðum gögnum.

Lögð er fram umsókn um nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsholt 2 L166398 þar sem skilgreint er svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm hús tengt

rekstri þess. Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins en felur skipulagsfulltrúa að óska eftir uppfærðum gögnum sem innifela heildarskipulag jarðarninnar Vatnsholt 2 að teknu tilliti til gististarfsemi jarðarinnar og breytingar á aðkomu að fyrirhuguðu tjaldsvæði. Bent er á ósamræmi í gögnum hvað varðar stærð þess svæðis sem nýta á fyrir tjaldsvæði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Urriðafoss L166395; Náma; Deiliskipulag – 2107027

Lögð er fram umsókn frá Verk og tæki ehf. varðandi deiliskipulag námu í landi Urriðafoss merkt E7 á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á efnistökusvæði, áfangaskiptingu, vinnslu og frágangi innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð fram umsókn um deiliskipulag námu í landi Urriðafoss sem merkt er E7 á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029. Í deiliskipulaginu er skilgreind efnistökusvæði, áfangaskipting vinnslu og frágangur innan svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi gögn með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

d) Egilsstaðakot 2 (L191087); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús – viðbygging og breyting – 2107007

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Sveins O. Einarssonar og Kristínar L. Sigurjónsdóttur, móttekin 01.07.2021, um byggingarleyfi til að breyta innra rými og byggja 119,5 m² við íbúðarhús á íbúðarhúsalóðinni Egilsstaðakot 2 L191087 í Flóahreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 255,9 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lögð er fram umsókn um byggingarleyfi til þess að breyta innra rými og byggja 119,5 fm við íbúðarhús á íbúðarhúsalóðinni Egilsstaðakot 2 L191087. Heildarstærð húss verður 255,9 fm eftir stækkun.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi umsókn og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 44. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist ekki athugasemdir við grenndarkynningu skal málinu vísað til byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hallandi 1 166234; Grímsskjól; Stofnun lóðar – 1610015

Lögð er fram umsókn Sigríðar Harðardóttur um stofnun landeignar úr jörðinni Hallandi 1 L166234. Um er að ræða 37 ha spildu sem óskað er eftir að fái staðfangið Grímsskjól. Fyrir liggur kaupsamningur og afsal fyrir spildunni frá 2002 til Jóns S. Gunnarssonar og Elínborgar Högnadóttur frá fyrrum eiganda Hallanda 1. Búið er að undanskilja spilduna frá jörðinni við sölu hennar árið 2002. Gert er ráð fyrir aðkomu inn á spilduna frá Langholtsvegi (318) á tveimur stöðum, þ.e. sunnan og norðan megin við skurð sem fer í gegnum hana. Syðri aðkoman er núverandi aðkoma sem fer í gegnum spilduna og að skipulögðum frístundalóðum í landi Langholts 1 land 2A L218349.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun spildunnar né heitið skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar fyrir aðkomunni norðan megin við skurð og samþykki eigenda aðliggjandi landeigenda þar sem ekki liggja þegar fyrir samþykktar hnitsetningar.

Lögð er fram umsókn um stofnun 37 ha landeignar úr jörðinni Hallandi 1 L166234. Gert er ráð fyrir aðkomu að spildunni af Langholtsvegi 318 á tveimur stöðum, bæði norðan og sunnan

megin við skurð sem liggur í gegnum spilduna. Óskað er eftir því að landeignin fái staðfangið Grímsskjól.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umrædd landskipti og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram. Gerður er fyrirvari um umsögn Vegagerðarinnar varðandi aðkomuveg. Ekki er gerð athugasemd við nafnið Grímsskjól á landeignina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 146 – 2105001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2021.

3. Beiðni um staðfestingu sveitarstjórnar á breyttu staðfangi – Hamarsey

Lagt fram erindi frá eigendum hrossaræktarbúsins Hamarseyjar þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar á heimild til þess að breyta heiti á staðfangi Hamars land 2 (L2123450) í Hamarsey.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Til umsagnar – Endurskoðun á aðalskipulagi Ásahrepps 2020 – 2032

Lagt fram erindi frá skipulagsfulltrúa UTU þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020 – 2032. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Til umsagnar – Endurskoðun á aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020 – 2032

Lagt fram erindi frá skipulagsfulltrúa UTU þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020 – 2032.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Rekstrarleyfi – staðfesting vegna Kirkjuholts – áður samþykkt rafrænt

Lögð fram beiðni sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps vegna rekstrarleyfis samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Umsóknin hefur verið afgreidd rafrænt af sveitarstjórn Flóahrepps án athugasemda en bókast nú í fundargerð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Innleiðingar Árósasamningsins – tækifæri til athugasemda eða ábendinga

Lagt fram til kynningar.

8. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – skýrsla Framtíðarseturs Íslands undirbúningur fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022

Lagt fram til kynningar og sveitarstjórnarmenn hvattir til þess að rýna skýrslu Framtíðarseturs Íslands og skila ábendingum til landsþingsfulltrúa fyrir Landsþing Sambandsins 2022.

9. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – beiðni um fulltrúa í nefnd

Lagt fram erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni þar sem óskað er eftir fulltrúa í nefnd sem ætlað er að vinna að skipulagsmálum er varða hestaíþróttir í Flóahreppi og Árborg. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar erindið og gagnlegar ábendingar varðandi öryggi í umferð hestamanna. Sveitarstjórn Flóahrepps telur edlilegra að áður en til stofnunar nefndar kemur að haldinn verði fundur þessara aðila þar sem tekin yrði ákvörðun um það hvort stofnuð verður nefnd á vegum sveitarfélaganna. Flóahreppur er tilbúin að senda fulltrúa á fund til þess að kanna hug sveitarfélagsins Árborgar til málsins verði þess óskað. Oddvita og varaoddvita er falið að mæta á fundinn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – drög að reglum um niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignasköttum af atvinnuhúsnæði þeirra sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli vegna Covid – 19 sbr. staðfestingu RSK

Erindið lagt fram til kynningar ásamt drögum að reglum sem eru unnin af vinnuhópi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um niðurfellingu dráttarvaxta af atvinnuhúsnæði.

11. Covid 19 – staðan – leikskólagjöld o.fl.

Lögð fram tillaga um heilmild til þess að fella niður leikskólagjöld í ágúst og september 2021 vegna þeirra barna sem þurfa að vera í einangrun eða sóttkví vegna Covid 19.

Tillagan er samþykkt með 5 atkvæðum

12. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn þriðjudaginn 7. september 2021 klukkan 13:00.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 251, dags. 06.07.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 21, dags 06.07.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 12, dags. 08.06.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 13, dags 06.07.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 212, dags. 07.06.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar SASS nr. 570, dags. 04.06.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Svæðisskipulag Suðrhálendis dags. 25.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14. Efni til kynningar:

- a) Flóaskóli grænfánaskóli – staðfesting Landverndar
Sveitarstjórn Flóahrepps óskar Flóaskóla til hamingju með þennan áfanga.
- b) Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála vegna Covid 19 - Stöðuskýrsla nr. 16

15. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)